

Mætt eru: Hanna, Þórunn, Hanna Lóa, Halla, Torfi Geir, Ási, Agnes Eva, Þórunn, Eydís

1. Hanna ræðir um fulltrúa skólaráðs. Nemendur verða með á einhverjum fundum í vetur þegar eftir því sem við á.
2. Hanna ræðir starfsáætlun. Allir fundarmenn hafa fengið hana senda. Lagt er upp með að skólaráð þekki starfsáætlunina vel og lesi hana og á næsta fundi verður farið yfir áætlunina eftir að allir hafa kynnt sér hana. Handbækur árganga fara inn á starfsáætlun.
3. Hanna fer yfir næstu fundi og hvað verður tekið fyrir á hverjum og einum.
4. Hanna kynnir og sýnir samskiptasáttmálann. Rætt um lausnateymi og samskiptateymi og þrepaskipta þjónustu.
5. Ákveðið að hafa fundartímana á mismunandi vikudögum svo enginn eigi erfitt með að komast.
6. Hanna kynnir skóladagatalið. Það þarf að skoða hversu aðgengilegt skóladagatalið er á heimasíðunni. Það er ekki rétt skóladagatal á síðunni núna.
7. Hanna ræðir framkvæmdalok. Allt er tilbúið fyrir utan þrjá glugga. Heimilfræði- og smíðastofan eru tilbúnar. Nýlega hefur myglumæling verið framkvæmd og mun taka c.a. 6 vikur að fá niðurstöður.
8. Spurt um hreystivöllinn. Nú hefur hann verið fjarlægður. Spurt er hvort það kemur eitthvað annað í staðinn. Ákveðnar hugmyndir eru um körfuboltavöll.
9. Hanna bendir á handbók um skólaráð og hvetur fundarmenn til að kynna sér hana.
10. Fundarmeðimum boðið að ganga hring og sjá húsið eftir framkvæmdir

Fundi slitið